

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 7-2018

Tími: fimmtudaginn 21. júní 2018 á Keldnaholti og í tölvu kl. 16:15

Mætt á Keldnaholti: Sæmundur Sveinsson, Bjarni Stefánsson, Eiríkur Blöndal (varamaður Hilmars Braga Janussonar), Hafdís Hanna Ægisdóttir, Helena Guttormsdóttir og Margrét Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Margrét Gísladóttir og Sunna Þórarinsdóttir voru í fjarfundi.

Háskólafundur 28. júní nk. Háskólafundur verður haldinn 28. júní. Málafni fundarins er að kjósa nýja fulltrúa í háskólaráð. Mennta og menningarmálaráðuneytið fór yfir nýjar starfsreglur Lbhí, engar athugasemdir komu frá þeim. Áriðandi að skipa nýtt háskólaráð sem fyrst.

Atriði ritskoðað.

Staða Hestbúsins Samningur við leigjendur rennur út í nóvember 2018 og hafa þeir ákveðið að framlengja ekki samninginn við Lbhí. Unnin hefur verið þarfagreining á vegum Lbhí. Áriðandi að hafa þessa rannsóknnaðstöðu fyrir skólann.

Lagt er til að Hestbúið verði rekið sem einkahlutafélag. Næstu skref að taka saman greinagerð um rekstur Hestbúsins sem einkahlutafélag og leggja fyrir Mennta-og menningarmálaráðuneytið.

Staðan á ráðningarferli rektors

Í valnefnd eru: Skúli Skúlason formaður nefndar, Anna Karlsdóttir og Magnús Diðrik Sigurðsson.

Viðtöl hefjast 14. ágúst og nefndin áætlað að skila skýrslu viku síðar.

Ákvörðun framkvæmdastjórnar að segja upp leigu á gömlu nautastöðinni til Efnagreininga ehf.

Kynning á stöðunni.

Önnur mál

Samþykkt að gera eignabókhald fyrir skólann.

Verið er að semja um áframhaldandi leigu við Miðfossa til næstu tveggja ára. Uppsegjanlegur samningur. Búið að sækja um leyfi til að byggja reiðskemmu á Hvanneyri. Verkið er í ferli.

Rætt að æskilegt væri að skipa varaformann háskólaráðs sem gæti tekið ábyrgð og forystu gegn þóknun, við sérstakt álag. Einnig rætt um möguleika á að nýta háskólaráð betur í tengslum við atvinnulífið, stjórnvöld og fleiri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:50.